

Mál nr. 100/2011

M

og

Vátryggingafélagið X v/fjölskyldutryggingar v/þjófnaðar

Þjófnaður 02.10. 2010 á meðan á gleðskap stóð í heimahúsi.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 08.03. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 21.04. 2011, ásamt ásamt afriti af bréfi félagsins til M, dags. 06.10. 2010.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. Munum var stolið úr húsnaði M að því er talið er í tengslum við gleðskap sem haldinn var þar.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það telur að atvikið falli ekki undir innbrotsþjófnað í skilningi skilmála. Þá er og forsenda fyrir vernd vegna þjófnaðar úr ólæstri íbúð að eðlileg aðgát hafi verið viðhöfð sbr. nánar umfjöllun félagsins. Samkvæmt skilmálum bætir félagið ekki tjón á munum sem stolið er úr ólæstum hýbýlum o.s.frv. sbr. nánar 4. gr. skilmála. Félagið telur sýnt að umrætt tjónsatvik falli utan bótasviðs vátryggingarinnar.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í gögnum málsins.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Um undanskilda áhættu er að ræða.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 19. apríl 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.